



7. bekkur

Tillögur að leiðarlýsingu fyrir börn í 7. bekk

Skólavefurinn býður upp á vandað og gott námsefni fyrir nemendur í 7. bekk í flestum námsgreinum. Þá leggjum við nokkra áherslu á samræmdu prófin sem nemendur þreyta snemma á skólaárinu eða í október.

Hér ætlum við að rekja stuttlega það helsta sem við mælum með fyrir nemendur í 7. bekk, en rétt er að taka það fram að hér verður einungis stiklað á því stærsta og vikið að helstu grunnpáttum sem foreldrar og nemendur geta svo byggt ofan á. Þá viljum við benda á að nýtt efni fyrir þennan aldurshóp kemur inn í hverri viku.

1) Íslenska – Bókmenntir og lestur (heildstætt námsefni)

Í bókmenntum og lestri bjóðum við upp á mikið og fjölbreytt úrval af vönduðu efni, þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Til að fara inn í bókmenntir og lestur fyrir þennan aldurshóp smellið þið á íslenska – bókmenntir og lestur og þaðan á 5.-7. bekkur. Síðan færið þið ykkur niður eftir síðunni og skoðið hvað er í boði.

3.2 Sagan um Hróa hött

Í 7. bekk mælum við einkum með að byrjað sé á sögunni um Hróa hött og kátu kappana hans. Er hún unnin með hliðsjón af þeirri þekkingu og færni sem kveðið er á um í Aðalnámskrá grunnskóla að nemendur í 7. bekk eigi að hafa á valdi sínu.

Er hér um að ræða svokallað heildstætt námsefni í íslensku, en þar sameinum við lestur og bókmenntir, málfræði, stafsetningu, hlustun, ritun og aðra þætti undir einum sameiginlegum hatti.

Eins og með vel flest af okkar námsefni er þetta efni boðið bæði í sérstakri vefútgáfu með gagnvirkum æfingum þar sem einnig er hægt að hlusta á það upplesið, svo og í sérútbúinni prentútgáfu með fjölda verkefna. Þá fylgja svör með öllum verkefnum.

Forsíða Hróa hattar:

http://dev.ecweb.is/skolavefurinn/last/?ec_item_0_id=7d829960-f239-4567-8ac1-c8814c5357b5&searchparam1=%20name=Hr%C3%B3a%20h%C3%B6ttur&tmp=x

Þegar þið hafið lokið við að fara í gegnum söguna um Hróa hött og kátu kappana hans er tilvalið að snúa sér að sögunni um Róbinson Krúsó.



2) Íslenska – Málfræði og stafsetning

- **Málfræði- og stafsetningarsíðan**

Eins og við höfum sagt frá fylgir lesköflum og sögum fjöldi verkefna í málfræði, ritun og öðrum þáttum íslenskunnar, en við erum líka með sérstaka síðu þar sem hægt er að nálgast bæði skýringar og æfingar í málfræði og stafsetningu. Má sjá forsíðu hennar hér fyrir neðan. Hægt er að nálgast síðuna beint af forsíðu Skólavefsins, en tengill er í hana í dálkinum lengst til hægri.

Af forsíðunni veljið þið annað hvort málfræði eða stafsetningu og þegar komið er að verkefnum eða æfingunum sjálfum getið þið sótt skýringar og æfingar á prentformi og svo æfingar á vefsíðuformi. Stafsetningaræfingarnar eru þannig útbúnar að þær eru upplēsar og þurfa nemendur að skrifa valin orð í eyður meðan þeir hlusta.



Forsíða Íslensku málfræði- og stafsetningarsíðunnar

<http://www.skolavefurinn.is/lok/kennarar/grunnskoli/islenska/malfrædi/index.htm>

Dæmi um gagnvirka stafsetningaræfingu

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/islenska/malfrædisidan/stafsetning/um_storan_staf_4.htm

Dæmi um gagnvirka málfræðiæfingu

http://www.skolavefurinn.is/_opid/islenska/malfrædi/gagnv_æfingar/no_kyn_tala_fall/kyn_tala_fall_2.htm

Dæmi um útprentanlega skýringu

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/islenska/malfrædisidan/stafsetning/n_og_nn/reglur_ad_og_med_n_nn_pdf

- **Gagnvirkur málfræðigrunnur – Stigskiptar æfingar í almennri málfræði**


Í málfræði erum við að fara af stað með glæsilega nýjung sem nefnist Íslenskur málfræðigrunnur og tekur fyrir flesta almenna þætti í málfræði sem börn á grunnskólaaldri og fyrstu bekkjum framhaldsskóla eiga að kunna skil á. Er hann þannig úr garði gerður að nemendur geta valið um eðli verkefnanna út frá völdum textum. Þar er t.a.m. hægt að velja að finna öll nafnorð, öll nafnorð í nefnifalli, öll nafnorð í fleirtölu o.s.frv. Munum við byggja grunninn upp í allan vetur og kynna jöfnum höndum möguleika hans.

Það er rétt að benda fólki á að gagnvirku æfingarnar sem og útprentanlega efnið er hægt að finna neðst á hverri kaflasíðu, en útprentanlega efnið er einnig hægt að nálgast beint af bókmenntasíðunni.

3) Stærðfræði – Fjölbreytt úrval af góðu efni

Í stærðfræði er hægt að nálgast fjölbreytt úrval af efni sem sniðið er að þessum aldurshópi. Þið smellið einfaldlega á stærðfræði í námsgreinadálkinum til vinstri á forsiðunni og veljið síðan 7. bekk

3.1 Bókin Mathematics 7 – Vídeóskýringar



Við mælum með að þið byrjið á því að kynna ykkur námsefnið og kennslubókina Mathematics 7 sem gefin var út af hinni virtu bresku bókaútgáfu Nelson Thornes og hefur hlotið frábærar viðtökur bæði frá kennurum og nemendum í Bretlandi. Bókin er samtals 434 bls. að lengd og er hún þýdd og staðfærð hér á vefnum.



Öll bókin er komin á vefinn. Smám saman munum við síðan bæta við gagnvirku efni og vídeóskýringum. Bókin hentar einkum 7. bekk, en getur þó einnig nýst vel fyrir 8. bekk.

Forsíða að kennslubók:

http://www.skolavefurinn.is/_opid/_valmynd/staerdfraedi/nelson_thornes.htm

Dæmi um vídeókennslu úr Mathematics 7:

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfraedi/nelsonthornes/mathematics_7/tolur_inngangur/gagnvirkt/1_saetisgildi_heilartolur_skyring.swf

Útprintanlegur kafli úr Mathematics 7:

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfraedi/nelsonthornes/mathematics_7/04Number_01_rgb.pdf

3.2 Prentið ykkar eigin blöð fyrir börnin – Svör fylgja

Efst á síðunni er að finna forrit þar sem þið getið útbúið ykkar eigin stærðfræðiblöð, hvort heldur er með dæmum sem þjálfá samlagningu, frádrátt, margföldun eða deilingu. Getið þið valið um þyngdarstig og smátt og smátt fíkrað ykkur áfram í það stig sem hentar hverju sinni. Þið getið meira að segja valið um myndir til að skreyta blöðin. Hér er á ferðinni hentug aðferð til að þjálfá börnin í þessum grunnþáttum stærðfræðinnar, enda skapar æfingin meistaran. (Sjá slóð fyrir neðan.)

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfraedi/yomisleg/utprentun_ordadaemi_forrit/valmynd.html



3.3 Stærðfræðipjálfi – Gagnvirk stærðfræði með talnagrind til hjálpar

Þá bjóðum við upp á gott gagnvirk forrit til að þjálfa áðurnefnda grunnfærniþætti í stærðfræði, þ.e. samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu. Til að hjálpa nemendum höfum við útbúið einfalda talnagrind fyrir neðan sjálf dæmin sem getur verið gott að grípa til.



3.4 Gagnvirk þjálfunarefni til æfa sig í margföldunartöflunum

Þá bjóðum við upp á gott gagnvirk forrit til að þjálfa sig í margföldunartöflunum sem eiga það til að stríða krökkum.

Gagnvirk forrit til að þjálfa sig í margföldunartöflum:

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfraedi/yomislegt/margfoldunartafla_forrit/margfoldunartafla_utgafa1.html

Dæmi um þjálfunarefni í stærðfræði – Víxlreglan:

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfraedi/yomislegt/margfoldunartafla_forrit/margfoldunartafla_utgafa1.html

	×	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
1	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
2	2	4	6	8	10	12	14	16	18	20	
3	3	6	9	12	15	18	21	24	27	30	
4	4	8	12	16	20	24	28	32	36	40	
5	5	10	15	20	25	30	35	40	45	50	
6	6	12	18	24	30	36	42	48	54	60	
7	7	14	21	28	35	42	49	56	63	70	
8	8	16	24	32	40	48	56	64	72	80	
9	9	18	27	36	45	54	63	72	81	90	
10	10	20	30	40	50	60	70	80	90	100	

Þá bjóðum við upp á margvíslega leiki sem tengjast stærðfræðinni, svo og fjölda útprentanlegra hefta sem gott er að vinna í.

3.5 Hraðaleikur – Skemmtilegur hraðaleikur í stærðfræði sem þjálfar helstu aðgerðir:

Frá og með 5. bekk fara nemendur í auknum mæli að huga að deilingu, almennum brotum, tugabrotum og prósentum. Til að þjálfa sig í þessum atriðum og fleirum bjóðum við upp á skemmtilegan stigskiptan hraðaleik, sem hjálpar mönnum að skynja þennan heim betur. Er hann einfaldur í allri notkun og býður auk þess upp á menn keppi við sjálfa sig, sem er alltaf hvetjandi.



Áhugaverður hraðaleikur:




<http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfraedi/ymislegt/hradaleikur/hradaleikur.html>

3.6 Atriðabundin vinnuhefti í stærðfræði

Eins og alltaf bjóðum við samhliða gagnvirku efni upp á efni til útprentunar. Ef þið færið ykkur niður stærðfræðisíðuna fyrir 7. bekk, þá finnið þið fjölda útprentanlegra vinnubóka sem eru flokkaðar eftir viðfangsefnum. Er um að gera að nýta sér þær og við vekjum athygli á því að svör fylgja öllum heftum.

Dæmi um vinnubók:

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/staerdfraedi/bekkur_6/bekkur_6_tolur.pdf

Íðingarnúmer	Þemaefni	Stærðfræði
7.	Efning fannur þú stímalí stírnáms (kassir). Lýtu þú með orðum:	
8.	Tenzar þetta kassarlaginn 4 cm. Hver er rúmmál þess?	
9.	Skaltu þú þessu sem þú sést og reiknaðu rúmmál kassans. Rúmmál er líklegt með hlutfæðum 2. Notaðu þú að þetta sé:	
10.	Jocai sést að kassan kassan að stæ með þessu. Hver þú þessu mál af þessu til að kassan sé líklegt? (cm)	
11.	Nessi og Galla sést að stíallega þessu gæðu. Gæðuþessu er 3.75 m á breidd og 3.30 m á lengd. Þessu kassan sést 15 x 15 cm. Hver eru gæðu þessu? Hver þessu þessu að kassan sést þessu gæðu?	

4) Samræmd próf – Þjálfunarnámskeið

Í október á hverju ári þreyta nemendur í 7. bekk samræmd próf í íslensku og stærðfræði þar sem þekking þeirra er könnuð miðað við það sem kveðið er á um í námskrá. Þó svo að niðurstöður prófanna skipti ekki öllu máli fyrir framvindu barnsins í námi, gefur góður árangur í slíkum prófum börnum aukið sjálfstraust og eykur áhugann á að gera enn betur.

4.1 Eldri samræmd próf

Prófin eru ólík frá ári til árs en þættirnir sem prófað er úr eru að stærstum hluta þeir sömu og uppbygging prófanna með svipuðu sniði. Það hlýtur því alltaf að vera góð og gagnleg þjálfun að prófa sig í eldri prófum, þó ekki væri nema til að venjast slíkum spurningum og hvernig þær eru settar upp.

Á Skólavefnum bjóðum við upp á eldri samræmd próf í gagnvirkum búningi sem börnin geta þreytt í hentugum einingum og séð þá hvar þau standa, hvað þarf að bæta o.s.frv. Þið getið nálgast íslenskuprófin allt frá árinu 2000 og stærðfræðiprófin allt frá árinu 1998.

Hér eru nokkrir merkisatburðir úr Íslandsögunni:

Árið 2000, 1000 ár frá því að kristni var lögtekin á Íslandi.
 Árið 1874, 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar.
 Árið 1915, konur fá kosningarétt.
 Árið 1944, Ísland verður sjálfstætt ríki.

Hér er tímaás. Þessir atburðir hafa verið færdir inn á ásinu.

Hvaða atburður er merktur með bókstafnum A?

A. ? | Árið 1874, 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar.
 B. ? | Árið 1915, konur fá kosningarétt.
 C. ? | Árið 1944, Ísland verður sjálfstætt ríki.
 D. ? | Árið 2000, 1000 ár frá því að kristni var lögtekin á Íslandi.

4.2 Þjálfunarnámskeið fyrir samræmd próf

Þá bjóðum við einnig upp á þjálfunarnámskeið þar sem tekin eru fyrir öll helstu atriði sem liggja prófunum til grundvallar samkvæmt námskrá og getur verið gott að fylgja þeim eftir til að hafa ákveðna reglu á hlutunum.

Þjálfunarnámskeiðin þjóna einkum þeim tilgangi að hjálpa nemendum að skipuleggja vinnu sína, en þar fylgja þeir föstu prógrammi sem byggir á daglegum æfingum sem ættu ekki að taka meira en hálf tíma að fara yfir. Þannig ætti það ekki að trufla annað heimanám.

Námskeiðin eru tvö, annars vegar í íslensku og hins vegar í stærðfræði.

Í íslensku er um að ræða 30 stundir og er þar farið yfir eldri samræmd próf í hentugum einingum og nemendur geta leitað í skýringar við einstaka prófþætti.

Stærðfræðin er byggð upp á sama hátt, nema að þar eru stundirnar 20 og byggja einungis á eldri samræmdum prófum, en svo geta nemendur sótt skýringar við hvert dæmi.

Forsíða að þjálfunarnámskeiðum fyrir samræmd próf í 7. bekk
http://www.skolavefurinn.is/_opid/almennt/samraemdprof/2006/index.html

5) Enska – Gott efni fyrir byrjendur og lengra komna



Í ensku bjóðum við upp á fjölbreytt kennslufni fyrir alla aldurshópa, bæði gagnvirkt og útprentanlegt.

Þar sem skólar hafa nú töluvert frelsi um hvenær þeir hefja enskukennslu hlýtur það að hafa áhrif á hvar nemendur eru staddir í náminu í 7. bekk. Það gerir að verkum að efnið sem við mælum með fyrir þennan aldurshóp getur ýmist verið of létt eða heldur strembið. Því er mikilvægt að þið skoðið vel það efni sem til er og prófið ykkur áfram.

5.1 Enskar sögur með fjölbreyttum verkefnum

Mikið af enskuefninu á vefnum er unnið í gegnum sögur og við bjóðum upp á fjölbreytt og skemmtilegt úrval af sögum og textum fyrir alla aldurshópa og öll stig. Margar af sögunum eru með upphleyptum orðskýringum, gagnvirkum æfingum og eru auk þess upplesnar. Þá er jafnan hægt að sækja efnið í sérstrakri prentútgáfu.

Dæmi um sögu á vef með gagnvirkum orðskýringum og æfingum:

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/enska/leskaflar/James_Baldwin/Whittington/The_city/The_city_sagan.htm

Útprentanleg saga með góðum verkefnum:

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/enska/leskaflar/James_Baldwin/Whittington/The_city/I_The_city.pdf

5.2 The Story of the Romans – Samfelld enskunám

Við viljum líka nota tækifærið og benda ykkur á námsefnið The Story of the Romans, sem þó ætla megi að sé í þyngra kantinum fyrir þennan aldurshóp getur verið gott að nota til að auka orðaforðann, einkum ef efnið sjálft höfðar til nemandans.

Mikið er lagt í þetta námsefni og er bæði hægt að nálgast það í sérstakri vefútgáfu, svo og útprentanlegri útgáfu. Svör er hægt að nálgast í sér skjali.



The Story of the Romans – Forsíða:

http://dev.ecweb.is/skolavefurinn/last/?ec_item_0_id=79d37ece-b53e-44e3-a6d5-30f32e47bd70&searchparaml=%20name=The%20Story%20of%20the%20Romans&tmp=x

Dæmi um kafla á vef með gagnvirkum orðskýringum og æfingum:

http://dev.ecweb.is/skolavefurinn/last/?ec_item_0_id=70748599-b8f5-456d-8e28-89a2096e4abf&searchparaml=%20name=The%20Story%20of%20the%20Romans&tmp=x

Útprentanleg saga með góðum verkefnum:

http://dev.ecweb.is/skolavefurinn/upload/files/attachments/enska/hofundar/guerber/chapter_08.pdf

5.3 Enskar sögur með fjölbreyttum verkefnum

Þá bjóðum við upp á fjölbreytt úrval af sögum sem framliddar eru af hinu virta breska fyrirtæki Domino Books. Er þar um heildstætt námsefni að ræða, sem í grunninn byggir á ákveðinni sögu, en ofan á hana leggst svo fjöldi námsatriða, bæði hvað varðar lesskilning, málfræði og almenna málnotkun.

Sögurnar sjálfar er hægt að nálgast bæði í vefútgáfu og útprentanlegri útgáfu, en útprentanlega útgáfan er mun ítarlegri og betra kennslutæki ef á heildina er litið.

Dæmið sem við tökum hér byggir á sögunni Whuppity Stoorie og telur hún 21 blaðsíðu í útprentanlegri útgáfu.

Útprentanleg útgáfa af Whuppity Stoorie:

http://www.skolavefurinn.is/_opid/tungumal/enska/bokmenntir/hofundar/dominobooks/whuppity_stoorie/whuppity_sagan.pdf

Whuppity Stoorie í vefútgáfu:

http://www.skolavefurinn.is/_opid/tungumal/enska/bokmenntir/hofundar/dominobooks/whuppity_stoorie/index.htm

Whuppity Stoorie



Ensk saga með verkefnum

5.4 Gagnvirkar orðaforðaeingar og útprentanlegar vinnubækur:

Eins og áður sagði fer það eftir því hvar hver og einn er staddur hvaða verkefni og hvers konar henta best. Á ensku málfræðisíðunni er hægt að sækja gagnvirkar æfingar í völdum málfræðipáttum.

Ef farið er neðst á þá síðu er einnig hægt að nálgast góðar vinnubækur í ensku, og mun í vetur bætast töluvert af nýju efni þar við.

Dæmi um vinnubók í ensku:

http://www.skolavefurinn.is/_opid/tungumal/enska/bokmenntir/hofundar/domino_books/byrjendur/2_hefti_1_hluti.pdf


Orðaforðaeing í ensku:

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/enska/ordafordi/ord_og_myndir/Atvinna/example.htm

Ensku gagnvirku krossgátur okkar eru alltaf vinsælar hjá þessum aldurshópi og þá eru þær einnig mjög góð þjálfun í að tileinka sér orðaforða. Þær eru uppbyggðar þannig að börnin fá orð uppgefin á íslensku og eiga svo að skrifa ensku þýðinguna í reitina.



Dæmi um enska krossgátu:

http://www.skolavefurinn.is/_opid/daegradvol/krossgatur/enska/enskacl.html



6) Leikjasíðan – Krossgátusíðan – SUDOKU síðan

Þá viljum við minna á að Skólavefnum er að finna fjölda þroskaleikja, sérstaka síðu með fjölmörgum krossgátum, sérstaka SUDOKU síðu og margt, margt fleira sem þið uppgötvið með því að þreifa ykkur áfram eftir vefnum.



7) Landafræði

Töluvert er af góðu efni í landafræði og erum við nú smátt og smátt að byggja þar upp góðan grunn fyrir alla aldurshópa.

Við viljum einkum vekja athygli ykkar á fjórum liðum, sem ættu að henta vel þessum aldurshópi:

1) Vinnubók um Evrópu eftir Halldór Ívarsson sem byggir á samnefndri kennslubók eftir Ragnar Gíslason. Skiptist hún í 14 kafla og telur í allt 147 blaðsíður. Henni fylgir svo ítarlegt svarhefti.

Er gagnlegt að fara í gegnum bókina, því þó hún sé aðallega miðuð við 5.-7. bekk, þá er margt þar að finna sem gæti t.a.m. reynst vel fyrir samræmt prófi í landafræði í 10. bekk.



I. hefti vinnubókar um Evrópu eftir Halldór Ívarsson:

http://www.skolavefurinn.is/_opid/samfelagsgreinar/landafræði/evropa/vinnbok_halldor/evropa_nem_1_hluti.pdf

2) Á leið um landið er liður þar sem einstakar náttúruperlur á Íslandi eru skoðaðar í nýstárlegu ljósi. Auk lýsinga á umræddum stöðum er þar einnig vikið töluvert að sögu þeirra.

Á leið um landið – Forsíða:

http://www.skolavefurinn.is/_opid/samfelagsgreinar/landafraedi/island/_valmynd/leid_um_landid/index.htm

3) Þá erum við að byggja upp upplýsingagrunn um einstök Evrópulönd bæði á vef og í útprentanlegri útgáfu með góðum verkefnum.

Dæmi um umfjöllun okkar um evrópsk lönd:

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/landafraedi/Evropa/Bretland/Leskafli_Bretland.pdf

4) Í fjórða lagi er rétt að minnast á bókina Lýsing Íslands eftir Þorvald Thoroddsen, en kaflar úr henni hafa verið settir inn í hverri viku undanfarið og verður haldið áfram uns öll bókin er komin. Þar er á skemmtilegan hátt fjallað um sérkenni Íslands og þó svo að bókin sé rúmlega aldargömul geymir hún sígildar upplýsingar sem allir hafa gagn af að vita.

Þá er boðið upp á nokkra leiki í landafræði s.s. að að lita lönd og heimsálfur sem er alltaf jafn vinsælt meðal fróðleiksfúsra krakka.


Þið nálgist landafræðiefnið með því að smella á námsgreinina landafræði á vinstri dálki forsíðunnar. Síðan skoðið þið það sem í boði er og smellið á það sem vekur áhuga ykkar.



8) Saga

Í sögu fyrir 7. bekk bjóðum við upp á fjölbreytt úrval af skemmtilegu og áhugaverðu efni, bæði í vefútgáfu og til útprentunar. Eru þar ýmist um að ræða valið námsefni sem hefur verið útbúið sérstaklega fyrir þennan aldurshóp, svo og ítarefni af ýmsu tagi.

Þá munum við í vetur bæta inn miklu efni sem tengist því tímabili sem 7. bekkur á að fást við, frá árinu 1550-1800.




Skólavefurinn kynnr
FÓLK Í SÖGUNNI
Svissmyndir af
fólki úr sögunni.
Verkefni fylgja.

Marteinn Lúther
(1483-1546)

Marteinn Lúther, sá maður sem hin íslenska þjóðkirkja kennir sig við fæddist 10. nóvember 1483 í borginni Eisleben í Þýskalandi. Foreldrar hans voru fátækir en komust seinna í efni. Marteinn og systkini hans fengu gott kristilegt uppeldi. Lúther gekk í skóla í Mansfeld, Magdeburg og Eisenach og tók stúdentspróf árið 1501. Faðir hans sendi hann lá til náms í háskólum í Erfurt en í þeirri borg var líka margt klaustra. Lúther lagði stund á hin klassisku fræði, málfræði, rökfræði og mælskulist en las einnig klassíska höfundna Rómverja og lagði

- **Fólk í sögunni**



Við viljum benda ykkur sérstaklega á efnisliðinn Fólk í sögunni, þar sem krökkunum eru kynntar merkar persónur úr fortíðinni. Fólk í sögunni er hægt að nálgast beint af hægri borðanum á forsiðunni. Uppistaðan í þessum lið í vetur verða merkar persónur, innlendir og erlendir frá 16. og 17. öld.

Forsíða Fólks í sögunni:

http://www.skolavefurinn.is/lok/kennarar/grunnskoli/saga/folk_i_sogunni/index.htm

Dæmi um vefútgáfu einnar persónu í liðnum Fólk í sögunni:

http://www.skolavefurinn.is/lokad/kennarar/grunnskoli/saga/folk_i_sogunni/Galileo_Galilei/galileo_meginmal.htm

Við látum hér staðar numið, en bendum á að hér er einungis stiklað á stóru og snert á litlu broti af því efni sem er að finna í helstu flokkum fyrir þennan aldurshóp. Höfum við t.a.m. ekki snert á mörgum námsgreinum. Látum ykkur eftir að uppgötva hvað þar er að finna.

Vonandi sýnir þetta þó möguleikana og hjálpar ykkur að feta ykkur áfram um vegakerfi vefsins. Góða skemmtun!

Hér einungis stiklað á stóru og snert á litlu broti af því efni sem er að finna undir hverjum flokki fyrir þennan aldurshóp. Vonandi sýnir þetta þó möguleikana og hjálpar ykkur að feta ykkur áfram um vefinn.

Góða skemmtun!

**Hægt er að fá áskrift á
www.skolavefurinn.is**

eða

pantað áskrift í síma

551 6400